

um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Skúli Guðmundsson, Gylfi Þ. Gíslason,
Gils Guðmundsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóði svo:

Viðskiptamálaráðherra skal heimilt að veita þeim, er verzlunarleyfi hefur, leyfi til að selja sjálfur málverk, myndir, listmuni og bækur á frjálsum uppboði, enda fari um framkvæmd á þeim uppboðum eftir ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í flestum menningarlöndum heims, að Íslandi undanskildu, eru uppboð hvers konar listaverka mjög vinsælar og fjölsóttar kaupstefnur, og hafa margir Íslendingar, er utan hafa farið, kynnt slíkum kaupstefnum. Hafa ýmis víðkunnustu uppboðsfirnu í Evrópu starfað óslitið öldum saman, og hefur mesti sægur listaverka og listmuna verið seldur á kaupstefnum þessara fyrirtækja, áður en þau hafa fengið varanlegan samastað.

Hér á landi hefur söluaðferð þessi á listaverkum ekki verið reynd þar til á árinu 1953, að reynt var að koma henni á hér.

En við framkvæmd þessarar söluaðferðar hefur komið í ljós, að hún er talin koma í bága við tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. des. 1693, en tilskipun þessi hefur aldrei verið birt hér á landi, en þó verið fylgt.

Í 7. gr. laga nr. 84/1933 segir svo:

„Þegar boðnar eru á uppboði vörur, sem sagðar eru stafa að einhverju eða öllu leyti frá nafngreindum mönnum eða úr tilteknum búum, skal þess greinilega getið á uppboðinu um þessa muni, úr hvaða búi eða frá hvaða manni þeir stafi hver um sig. Ef haldið er uppboð á munum eða vörum frá nafngreindum manni eða úr tilteknu búi skal þess getið greinilega í uppboðsauglýsingunni, ef á uppboðinu á jafnframt að selja aðra muni. — Í hverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort það, sem selja á, er selt fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns.“

Framsögumaður frumvarpsins viðhafði svofelld ummæli um þessa grein í framsöguræðu sinni:

„Í 7. gr. eru ákvæði, sem eiga að tryggja það, að rétt sé skýrt frá um það, hvaðan þeir munir eru, sem boðnir eru upp. Ef t. d. selja á bækur eftir merkan bókamann, dregur það að sér ýmsa þá, sem áhuga hafa fyrir góðum bókum. En ef nota ætti sér það til að koma út einhverju ómerkilegu rusli um leið, undir því yfirskini, að það væri allt frá þessum þekktu bókamanni, þá kæmi það í bága við þessi ákvæði, ef frv. verður að lögum.“ — Alþt. 1933 — B., bls. 2306.

Í lagagreininni eru sett skýr ákvæði um framkvæmd uppboða, sem jafnt geta átt við frjálsum uppboð og opinber uppboð, lögin sjálf eru um verzlunarhætti, og á því viðbót sú, sem felst í þessu frumvarpi, heima í þessum lögum. Verður ekki séð, að því fylgi nein áhætta að leyfa einstaklingum að halda frjálsum uppboð á listmunum hér á landi, en þó teljum við flm. eðlilegt, að viðskiptamálaráðherra veiti leyfi til þess og að það verði einungis veitt aðilum, er verzlunarleyfi hafa.

Hvort greiða eigi í ríkissjóð gjald fyrir þetta leyfi, er atriði, sem komið gæti til athugunar við meðferð málsins, en í því sambandi má benda á, að þeir, sem leyfi fengju samkvæmt frumvarpi þessu, hafa þegar greitt í ríkissjóð gjald fyrir verzlunarleyfi sín. Þar sem leyfishafar mundu greiða skatta og skyldur af þessum verzlunarrekstri með sama hætti og öðrum atvinnurekstri sínum, virðist ekki ástæða til að skattleggja uppboðsrekstur þennan sérstaklega, og sölulaun til ríkissjóðs koma hér ekki til greina, þar sem opinberir starfsmenn koma ekki nærri listmunauppboðum þessum.

Flm. telja, að fyrirkomulag það, sem hér er lagt til, miði að því að koma málum þessum í betra horf hér á landi en verið hefur til þessa.

Með þessu fyrirkomulagi er listamönnum opnuð leið til þess að koma listaverkum sínum í verð og út til fólksins án þess að þurfa að standa í verzlunarrekstrinum sjálfir, auk þess sem öllum almenningi væri það til hagræðis að geta með þessu móti, og e. t. v. með skömmum fyrirvara, komið í peninga listmunum, sem menn teldu sig af ýmsum ástæðum þurfa að selja.

En þeir, sem auka vilja eignir sínar í listaverkum eða öðrum listmunum, mundu á slíku uppboði eiga kost á frjálsum uppboðsverði, sem þá væri venjulegast sannvirði líðandi stundar.